

Rangárþing ytra  
Suðurlandsvegur 1-3 1-3  
850 Hella

8. ágúst 2017  
UST201706-218/P.B.S.  
10.04.03

### Efni: Deiliskipulag - Brekkur

Deiliskipulagið nær til tveggja landspilda úr landi Brekku 2 og er heildarstærð þeirra um 4 ha. Í greinargerð kemur fram að gert sé ráð fyrir að byggja íbúðarhús og gestahús/geymslu á spildunum.

### Skipulagssvæðið


Í greinargerð kemur fram að svæðið er algróið, að mestu ræktað land og hallar nokkuð til suðurs. Í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

### Fráveita

Í greinargerð kemur fram að fráveita skal vera samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.


### Umsögn

Umhverfisstofnun minnir á mikilvægi þess að öll mannvirki falli sem best að umhverfi. Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda deiliskipulagstillögu og gerir ekki frekari athugasemdir.



Þórdís Björt Sigþórsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason  
Teymistjóri